



Blönduósbær

Bæjarstjórn

Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	
ANR 13090105	Ábott. HB
Málaf. 11.3.1	Ábott. OSP
Mótt. 4.11.2013	
Athf.	

Blönduósi 31. október 2013

EFNI: Byggðakvóti fiskveiðilársins 2013/2014

Vísað er til bréfs, dags. 16. október sl., þar sem atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið hefur fjallað um umsókn Blönduósbæjar um byggðakvóta fiskveiðilársins 2013/2014 og er niðurstaðan að úthluta 140 þorskígildistonna byggðakvóta til sveitarfélagsins. Ef vilji sveitarstjórnar sé að setja sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðalaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 628/2012, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2012/2013.

Með hliðsjón af 2. gr. sbr. einnig 3. gr. vill Blönduósbær gera eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 665/2013, en að öðru leyti gildir reglugerðin um úthlutun byggðakvóta.

Bæjarráð fjallaði um framangreint bréf á fundi sínum þann 30. október sl. Í fundargerð bæjarráðs var eftirfarandi bókað:

Umræður urðu um byggðakvóta.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi reglur:

Samþykkt var eftirfarandi undanþága frá reglugerð nr. 665/2013, um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2013/2014.

a) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

„Skipta skal 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 25% skal úthlutað til fiskiskipa sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum á rækju í Húnaflóa skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju 1. september 2013.“

b) Vinnsluskylda er felld niður og því orðast 1. og 2. mli. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig:



„Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2013 til 31. ágúst 2014. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.“


Rökstuðningur:

Markmið byggðkvótans er að stuðla að atvinnu í sjávarútvegi í þeim byggðum sem lent hafi í vanda í sjávarútvegi. Á Blönduósi hefur byggðakvótinn verið á höndum fárra aðila. Erfitt hefur verið fyrir aðila í byggðarlaginu að sækja um byggðakvóta vegna þeirra takmarkana sem tilgreind eru í reglugerð. Leiguverð á kvóta hefur verið hátt og auk þess takmarkað framboð sem hefur gert minni aðilum erfitt um vik að afla sér kvóta á móti byggðakvótanum. Með ofangreindum breytingum á reglugerðinni um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðarárinu 2013/2014, leitast sveitarfélagið Blönduósbær við að greiða fyrir því að áhugasamir aðilar geti haslað sér völl við fiskveiðar.

Með auknu atvinnuleysi og þeim efnahagsþrengingum sem uppi eru er það vilji bæjarráðs Blönduósbæjar að gefa fleirum kost á að veiða byggðakvóta. Að teknu tilliti til framangreinds og atvinnu- og byggðasjónarmiða, verðmætaaukningar og atvinnusköpunar er það vilji sveitarstjórnarmanna að gera ofangreinda breytingu á reglugerð nr. 665/2013.

Með hliðsjón af 2. gr. reglugerðar nr. 665/2013, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðarárinu 2013/2014 óskar bæjarráð Blönduósbæjar eftir því við ráðherra að hann heimili þær breytingar sem að ofan greinir.

Vindgangarfullst,


Arnar Þór Sævarsson
Bæjarstjóri Blönduósbæjar